

Föstudaginn 10. maí 1957.

Nr. 61/1956. **Ákærvaldið** (Hermann Jónsson hrl.)
 gegn

Jóhanni Símonarsyni og Sigurgeiri Jóhannssyni (Jóhannes Elíasson hrl.)

Dóme ndur:

hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Theodór B. Línal.

Ólögleg laxveiði.

Dómur Hæstaréttar.

Jón Steingrímsson, sýslumaður í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, og samdómsmennirnir dr. Finnur Guðmundsson og Þórir Steinþórsson skólastjóri hafa kveðið upp héraðsdóminn.

Samkvæmt rökum héraðsdóms ber að staðfesta ákvæði hans um veiðibrot ákærða Jóhanns Símonarsonar, brottfall refsingar hans og upptöku veiðitækja. Þá þykir og mega fallast á ákvæði héraðsdóms um sýknu ákærða Sigurgeirs Jóhannssonar, enda er eigi af prófum málsins glögg, hvern hlut hann hafi átt að hinni ólöglegu veiði.

Eftir þessum úrslitum ber rikissjóði að greiða laun verjanda ákærða Sigurgeirs Jóhannssonar í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 1800.00. Ákærði Jóhann Símonarson greiði laun verjanda síns í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 1800.00. Annan kostnað af sökinni, þar með talin laun sækjanda fyrir Hæstarétti, kr. 2000.00, greiði rikissjóður að $\frac{1}{4}$ hluta og ákærði Jóhann Símonarson að $\frac{3}{4}$ hlutum.

Dómsorð:

Ákvæði héraðsdóms um sýknu ákærða Sigurgeirs Jóhannssonar, brottfall refsingar ákærða Jóhanns Símonarssonar og upptöku veiðitækja staðfestast.

Laun verjanda ákærða Sigurgeirs Jóhannssonar í héraði og fyrir Hæstarétti, Jóhannesar Elíassonar hæstaréttarlögmanns, kr. 1800.00, greiðist úr rikissjóði. Ákærði

Jóhann Símonarson greiði laun verjanda síns í héraði og fyrir Hæstarétti, Jóhannesar Elíassonar hæstaréttarlögmanns, kr. 1800.00. Annan kostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda fyrir Hæstarétti, Hermanns Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2000.00, greiði ríkissjóður að $\frac{1}{4}$ hluta og ákærði Jóhann Símonarson að $\frac{3}{4}$ hlutum.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 18. febrúar 1956.

Mál þetta er af ákærvaldsins hálfu höfðað gegn Jóhanni Símonarsyni, bónda á Litlu-Fellsöxl, og Sigurgeiri Jóhannssyni sama stað með ákæruskjali, útgefnu 19/2. 1954, fyrir að hafa sumarið 1953 og allt frá því á árinu 1942 stundað laxveiði í ós við Urriðaa í Skilamannahreppi, fyrir landi Litlu-Fellsaxlar og Fellsaxlarkots, með ólöglegum veiðitækjum, þannig að op í veiðikrær vissu á móti straumi, og leiðarar frá girðingum veiðitækja lágu upp á móti straumi, svo að í veiðitækin veiddist fiskur, sem leitaði út úr ánni og árósum. Telur það brot þessi varða við 4. tölul. 30. gr. sbr. b-lið 89. gr. laga nr. 112 frá 1941 um lax- og silungsveiði. Krefst það þess, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar og að hin ólöglegu veiðitæki verði gerð upptæk samkvæmt 93. gr. nefndra laga.

Ákærði Jóhann Símonarson er kominn yfir lögaldur sakamanna, er fæddur í Bakkakoti í Skorradal 15/7. 1881 og hefur sætt eftirtöldum ákærum og refsingum:

1905 10/7. Mýra- og Borgarfjarðarsýsla: Sátt: 100 kr. sekt fyrir brot á laxveiðilöggjöfinni.

Ákærði Sigurgeir Jóhannsson er einnig kominn yfir lögaldur sakamanna, er fæddur 18/6. 1919 og hefur eigi áður sætt ákæru eða refsingu.

Hinn 20/6. 1953 kærði veiðieftirlitsmaður, Gestur Kristjánsson í Borgarnesi, yfir því, að ákærði Jóhann Símonarson hefði sett upp laxveiðivél fyrir landi jarðar sinnar Litlu-Fellsaxlar og snúið inngangi hennar móti straumi, enda þótt eftirlitsmaðurinn hefði bent honum á, að það væri ólöglegt.

Fyrir sakadómi viðurkenndi ákærði Jóhann Símonarson, að hann hefði allt frá árinu 1917, er hann flutti að Litlu-Fellsöxl, stundað lax- og silungsveiði fyrir landi jarðar sinnar. Kveðst hann fyrst

framan af hafa eingöngu veitt í netjalagnir, en eftir 1942 hafi hann notað til veiðanna girðingar með veiðikró. Sumarið 1953 kveðst hann hafa haft girðingu með veiðikró fyrir landi Litlu-Fellsaxlar og aðra fyrir landi Fellsaxlarkots. Þá segir hann, að sonur sinn, Sigurgeir, hafi aðallega stundað veiðarnar fyrir sig. Loks segir hann, að gerð veiðigilda þeirra, er hann hefur starfrækt, hafi verið með þeim hætti, að hann hafi lagt girðingu frá landi, og ofanvert við enda hennar hafi verið veiðikró, og hafi op hennar snúið að landi.

Ákærði Sigurgeir Jóhannsson hefur fyrir sakadómi viðurkennt, að hann hafi starfrækt laxveiði fyrir föður sinn í laxveiðigildrur þær, er hann hafi haft fyrir löndum jarðanna Litlu-Fellsaxlar og Fellsaxlarkots. Neitar hann því, að op veiðikróanna hafi snúið móti straumlínu Urriðaár, því þær hafi snúið upp að landi. Hins vegar segir hann, að opin séu fyrir ofan girðingarnar, og viðurkennir, að lax sá, er veiðist í gildrurnar, sé að ganga með landinu, eftir að hafa farið inn fyrir girðingarnar.

Verjandi ákærðu krefst þess aðallega, að þeir verði sýknaðir af kröfum ákærvaldsins, en til vara, að refsing þeirra verði látin niður falla samkvæmt 3. tölulið 74. gr. laga nr. 19 frá 1940.

Kröfu sína um sýknu ákærða Sigurgeirs Jóhannssonar byggir verjandi á því, að hann hafi eigi verið eigandi veiðitækja þeirra, er mál þetta er risið út af, heldur starfrækt þau fyrir föður sinn og á hans ábyrgð.

Sýknukröfu vegna ákærða Jóhanns Símonarsonar byggir verjandi á því, að veiðigildrur hans hafi eigi, svo sem í ákæruskjalinu segir, verið í ósi við Urriðaá, heldur á leirusvæðum árinna. Séu þær því á þurru um fjöru. Þá sé eigi um að ræða hjá þeim straum af völdum árinna, heldur af völdum sjávarfalla. Loks telur hann, að lax gangi eigi til hrygningar upp í Urriðaá, og veiðist því eigi í veiðigildrur ákærða annar lax en sá, sem er á sveimi fram og aftur um Leirvoginn.

Varakröfu sína byggir verjandi ákærða á því, að veiðieftirlitsmanni og veiðimálanefnd hafi um lengri tíma verið kunnugt um starfrækslu veiðigildranna og á hvern hátt þær voru gerðar, en þó ekkert aðhafzt til að stöðva starfrækslu þeirra. Telur hann, að ákærðu hafi af þessu getað dregið þá ályktun, að gildrurnar væru þannig gerðar, að eigi færi í bága við landslög.

Rétturinn lítur svo á, að með mati 22/6. 1934 og yfirmati, er fram fór 19/8. 1934, hafi á fullkomlega lögmætan hátt samkvæmt lögum nr. 61 frá 1932 verið ákveðið, hvernig leirunum við ármót Laxár og Urriðaár skuli skipt. Verður eigi um það deilt, að sam-

kvæmt mati þessu eru veiðitæki þau, er ákærðu hafa starfrækt, á leirusvæði Urriðaár.

Samkvæmt 4. tölulið 30. gr. laxveiðilaganna er svo fyrir mælt, að inngangur í veiðikrær skuli vita undan straumi, og jafnframt er lagt bann við því að haga inngangi í veiðikró eða láta leiðara frá girðingu liggja þannig, að hætta sé á, að veiðigildran taki fisk, er leiti út úr á eða árósi. Verður að líta svo á, að fyrimæli þessi og bann nái jafnframt til veiðitækja, sem eru í sjálfu straumvatninu og á leirusvæði þess. Verður þetta sérstaklega ljóst, er athuguð er greinargerð fyrir frumvarpi því til laga um lax- og silungsveiði, er fram var lagt á Alþingi 1930, en þar segir um 4. tölulið 30. gr. á þessa leið: „Í ósum og á leirum við sjávarósa gengur fiskurinn aftur og fram með sjávarföllum. Þótti nefndinni því rétt að setja þau ákvæði um gerð girðinganna, að fiskurinn verði þá aðeins veiddur, er hann leitar upp ána, svo sem gert er í 4. málsg. þessarar greinar“.

Af þessu leiðir, að aðalstraumstefna hverrar ár verður að ráða því, hvernig op veiðikróa snúa og leiðarar frá girðingum liggja, og það jafnt þó veiðitæki séu staðsett á leirusvæði árinna, þar sem eigi gætir straums hennar.

Rétturinn verður að líta svo á, að ekkert sé fram komið í málinu, er bendi til þess, að ákærði Sigurgeir Jóhannsson hafi átt veiðigildrur þær, er mál þetta er risið út af, heldur hafi hann aðeins starfrækt þær fyrir föður sinn eftir hans fyrimælum.

Ber því að sýkna hann af kröfu ákæruvaldsins í máli þessu, og skulu málsvarnarlaun verjanda hans, kr. 400.00, greidd úr ríkissjóði.

Samkvæmt því, sem áður er sagt, verður rétturinn að telja, að veiðitæki þau, er ákærði Jóhann Símonarson hefur undanfarið ár starfrækt fyrir landi Litlu-Fellsaxlar og Fellsaxlarkots á leirusvæði Urriðaár, hafi verið ólögleg veiðitæki, þar sem op veiðikrónna og leiðarar hafa vitað gegn straumstefnu Urriðaár, og að ákærði hafi með starfrækslu þeirra gerzt brotlegur við 4. tölulið 30. gr. laxveiðilaganna.

Hins vegar verður rétturinn að fallast á það, að afskiptaleysi veiðieftirlitsmanns og veiðimálanefndar gagnvart veiðigildrum ákærða um lengri tíma geti hafa orðið þess valdandi, að hann hafi litið svo á, að verknaður sinn væri eigi réttarbrott, og þykir því rétt samkvæmt 3. tölulið 74. gr. laga nr. 19 frá 1940 að ákveða, að refsing hans skuli falla niður.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun verjanda hans, kr. 400.00.

Hin öloglegu veiðitæki skulu upptæk gerð.

Nokkur dráttur hefur orðið á uppkvaðningu dóms þessa. Stafar hann af því, að verjandi ákærða skilaði eigi framhaldsvörn fyrr en um miðjan nóvember 1955. Þá var formaður dómsins önnur kafinn við embættisstörf fram til áramóta. Er hann ætlaði að kveðja dómendur saman eftir áramót, var dr. Finnur Guðmundsson að fara til útlanda í embættiserindum, og er hann nýkominn heim úr þeirri för.

Dómsorð:

Ákærði Sigurgeir Jóhannsson, Litlu-Fellsöxl, á að vera sýkn af kröfu ákæruvaldsins í máli þessu.

Refsing ákærða Jóhanns Símonarsonar, bónda á Litlu-Fellsöxl, falli niður.

Ákærði Jóhann Símonarson greiði allan sakarkostnað, þar með talin laun skipaðs verjanda hans, hdl. Jóhannesar Eliassonar, 400 — fjögur hundruð — krónur. Þá greiðist úr ríkissjóði laun skipaðs verjanda Sigurgeirs Jóhannssonar, hdl. Jóhannesar Eliassonar, 400 — fjögur hundruð krónur.

Ölögleg veiðitæki ákærða Jóhanns Símonarsonar skulu upptæk gerð og andvirði þeirra renna í sýslusjóð Borgarfjarðarsýslu.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 10. maí 1957.

Nr. 72/1956. **Ákæruvaldið** (Hermann Jónsson hrl.)

gegn

Gísla Gíslasyni (Jóhannes Eliasson hrl.)

Dómenndur:

hæstaréttardómarmennirnir Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Theodór B. Línal.

Ölögleg laxveiði.

Dómur Hæstaréttar.

Jón Steingrímsson, sýslumaður í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, og samdómsmennirnir dr. Finnur Guðmundsson og Þórir Steinþórsson skólastjóri hafa kveðið upp héraðsdóminn.